

## GJALDSKRÁ

### Orkuveitu Reykjavíkur.

#### 1. gr.

*Almennt.*

Gjaldskrá þessi gildir fyrir heitt vatn á veitusvæðum Orkuveitu Reykjavíkur. Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni, 2% af smásöluverði. Heimilt er að miða innheimtu skattsins við áætlaða sölu. Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, 7% af vatni til húshitunar og laugarvatns en 25,5% til annarra nota.

Á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur gilda mismunandi taxtar í þéttbýli og dreifbýli.

#### 2. gr.

*Almennir taxtar, mæld notkun.*

Taxti	Tegund	Veitusvæði	Kr.	2% skattur	Með 7% vsk.	Grunnur
H1A	Einingaverð	Sala í þéttbýli	119,13	2,38	130,02	kr./m <sup>3</sup>
J1A	Einingaverð	Sala í dreifbýli	157,22	3,14	171,59	kr./m <sup>3</sup>

Taxtarnir gilda fyrir alla húshitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

Heitt vatn er selt samkvæmt rúmmetramælingu.

Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu heits vatns og/eða vegna lækkunar á hitastigi vatnsins.

Sækja skal skriflega um alla taxta aðra en ofangreinda taxta.

Heimilt er að innheimta 30% af áætluðum vatnskaupum hjá þeim húseigendum sem ekki eru farnir að kaupa heitt vatn um heimæð ári eftir að hún er tilbúin til notkunar.

#### 3. gr.

*Almennir taxtar, fast verð.*

Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 7% vsk.	Grunnur
H1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	39,28	0,79	42,87	kr./dag
H1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	82,06	1,64	89,56	kr./dag
H1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	166,31	3,33	181,51	kr./dag
Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 7% vsk.	Grunnur
J1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	44,46	0,89	48,52	kr./dag
J1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	92,70	1,85	101,17	kr./dag
J1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	187,57	3,75	204,71	kr./dag

Fast verð er hluti af almennum taxta og í öllum öðrum samningum þar sem selt er samkvæmt mæli.

Fast verð er fyrir föstum kostnaði og er háð stærð mælis. Gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

#### 4. gr.

*Gróðurhús og sundlaugar.*

Taxti	Tegund	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 7% vsk.	Grunnur
H3	Einingaverð	Gróðurhús	59,53	1,19	64,97	kr./m <sup>3</sup>
H4	Einingaverð	Sundlaugar	59,53	1,19	64,97	kr./m <sup>3</sup>

#### **Skýringar:**

Taxtar H3 og H4 eru ekki forgangsvatn. Taxtarnir gilda þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Orkuveitu Reykjavíkur.

H4 taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn þessum taxta ef sundlaugin er aðalþáttur í starfsemi kaupanda.

H3 taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir í atvinnuskyni.

### 5. gr.

#### *Snjóbræðsla, fiskeldi, íþróttavellir utanhus og iðnaðarvatn í framleiðsluferla.*

Taxti	Tegund	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 25,5% vsk.	Grunnur
V1	Einingaverð	Snjóbræðsla	119,13	2,38	152,50	kr./m <sup>3</sup>
V2	Einingaverð	Fiskeldi	59,53	1,19	76,20	kr./m <sup>3</sup>
V3	Einingaverð	Íþróttavellir, utanhus	89,44	1,79	114,49	kr./m <sup>3</sup>
V4	Einingaverð	Iðnaðarvatn í framleiðsluferla	59,53	1,19	76,20	kr./m <sup>3</sup>

#### **Skýringar:**

Taxtar V1 til V4 eru ekki forgangsvatn. Þeir gilda þar sem nægilegt vatn er til staðar og full-nægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Orkuveitu Reykjavíkur.

V1 taxtinn gildir fyrir sértegt snjóbræðslukerfi.

V2 taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

V3 taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utanhus.

V4 taxtinn gildir fyrir atvinnustarfsemi sem nýtir heitt vatn beint í framleiðsluferla. Taxtinn gildir í engum tilvikum fyrir húshitun eða kranavatn.

### 5.1.

#### *Snjóbræðsla.*

#### **S1. Snjóbræðslutaxti, framrásarvatn (aðeins í þéttbýli).**

Taxti	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 25,5% vsk.	Grunnur	
	Fast verð	499,00	9,98	638,77	kr./dag	
SR1	Lágverð	Mælt þegar útihið er hærri en -5°C	59,53	1,19	76,20	kr./m <sup>3</sup>
SR1	Háverð	Mælt þegar útihið er lægri en -5°C	178,66	3,57	228,70	kr./m <sup>3</sup>

#### **Skýringar:**

Mæling á heitu vatni fer fram á afhendingarstað með mælitækjum (tímagæling), sem Orkuveita Reykjavíkur leggur til.

Sækja þarf skriflega um taxtann á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem Orkuveita Reykjavíkur leggur til.

#### **S2. Snjóbræðslutaxti, framrásarvatn með flatargjaldi (aðeins í þéttbýli).**

Taxti	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 25,5% vsk.	Grunnur	
	Fast verð	499,00	9,98	638,77	kr./dag	
SR2	Lágverð	Mælt þegar útihið er hærri en -5°C	59,53	1,19	76,20	kr./m <sup>3</sup>
SR2	Háverð	Mælt þegar útihið er lægri en -5°C	178,66	3,57	228,70	kr./m <sup>3</sup>
SR2	Daggjald	Fyrir hvern m <sup>2</sup> snjóbræðsluflatar	0,14	0,003	0,18	kr./m <sup>2</sup>

#### **Skýringar:**

Mæling á heitu vatni fer fram á afhendingarstað með mælitækjum (tímagæling), sem Orkuveita Reykjavíkur leggur til.

Taxtinn miðast við að tvöfalt dreifikerfi sé til staðar hjá kaupanda. Daggjaldið er á hvern m<sup>2</sup> snjóbræðsluflatar.

Sækja þarf skriflega um taxtann á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem Orkuveita Reykjavíkur leggur til.

6. gr.  
*Frístundahús – hemlataxtar.*

<b>Veitusvæði</b>	<b>Taxti</b>		<b>Kr.</b>	<b>2% skattur</b>	<b>Með 7% vsk.</b>	<b>Grunnur</b>
Dreifbýli	Grunnverð	Kr. á dag fyrir 3 mínútulítra	290,52	5,81	317,07	kr./dag
	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.lítra umfr. 3 l	58,11	1,16	63,42	kr./dag

**Skýringar:**

Gildir fyrir frístundahús á svæðum Austurveitu, Grímsnesveitu, Hlíðaveitu, Ölfusveitu, Skorradalsveitu, Munaðarnesveitu og Norðurárdalsveitu.

Hitaveituvatn til frístundahúsa er selt um hemil til takmörkunar á rennsli. Mínútulítri táknað það rennsli sem gefur 1 lítra af vatni á 1 mínu.

Innifalið í grunnverði eru 3 mínútulítrar, sem er minnsta magn sem afhent er til sumarhúsa.

Hægt er að sækja um aukið vatnsmagn hvenær sem er en umsókn um minnkun er aðeins framkvæmd mánuðina apríl og maí ár hvert.

Hugsanlegt er að svæðisbundið sé ekki nægt vatn til að verða við óskum um að kaupa aukið vatnsmagn.

Heimilt er að innheimta 30% af áætluðum vatnskaupum hjá þeim húseigendum sem ekki eru farnir að kaupa heitt vatn um heimæð ári eftir að hún er tilbúin til notkunar.

7. gr.  
*Verðskrá fyrir Rangárveitu dreifbýli.*

Samkvæmt reglugerð nr. 10/2012 um breytingu á reglugerð nr. 297/2006, um Orkuveitu Reykjavíkur með síðari breytingum, nær veitusvæði fyrirtækisins til Hellu og Hvolsvallar og nærliggjandi sveita, eins og það veitusvæði er skilgreint í samningi frá 25. janúar 2005 milli Orkuveitu Reykjavíkur, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Ásahrepps. Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um Orkuveitu Reykjavíkur segir einnig að í þeim tilvikum þar sem á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur gilda mismunandi taxtar í þéttbýli og dreifbýli skal skilgreining á milli þéttbýlis og dreifbýlis fylgja því hvernig viðkomandi sveitarfélag skilgreinir þéttbýli á aðalskipulagi. Ákvæði 7. gr. gjaldskrár bessarar gilda eingöngu fyrir dreifbýli á því svæði sem framangreindur samningur tekur til. Önnur ákvæði gjaldskrárinnar, s.s. ákvæði 8. gr. um heimlagnir gilda einnig á því svæði eftir því sem við á.

7.1  
*Mæld notkun.*

<b>Taxti</b>	<b>Tegund</b>	<b>Veitusvæði</b>	<b>Kr.</b>	<b>2% skattur</b>	<b>Með 7% vsk.</b>	<b>Grunnur</b>
J1A	Einingaverð	Sala í dreifbýli	157,22	3,14	171,59	kr./m <sup>3</sup>

7.2  
*Fast verð.*

<b>Taxti</b>	<b>Tegund</b>	<b>Stærð mælis</b>	<b>Kr.</b>	<b>2% skattur</b>	<b>Með 7% vsk.</b>	<b>Grunnur</b>
J1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	44,46	0,89	48,52	kr./dag
J1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	92,70	1,85	101,17	kr./dag
J1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	187,57	3,75	204,71	kr./dag

7.3  
*Íbúðarhús - blandaður taxti.*

<b>Taxti</b>	<b>Tegund</b>	<b>Grunnur</b>	<b>Kr.</b>	<b>2% skattur</b>	<b>Með 7% vsk.</b>	<b>Grunnur</b>
	Grunnverð	Grunndagverð	50,79	1,02	55,44	kr./dag
HR5	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.lítra	57,97	1,16	63,27	kr./dag
	Einingaverð	Neysluvatn um rennslismæli	151,34	3,03	165,18	kr./m <sup>3</sup>

7.4  
*Frístundahús – hemlataxti.*

Taxti	Tegund	Grunnur	Kr.	2% skattur	Með 7% vsk.	Grunnur
HR4	Grunnverð	Kr. á dag fyrir 3 mínútulítra	290,52	5,81	317,07	kr./dag
	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.lítra umfram 3 l	58,11	1,16	63,42	kr./dag

## 8. gr.

*Heimlagnir – almennt.*

Almennt verð heimlagna gildir í þéttbýli á nýbyggingarsvæðum. Verð gildir ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum. Reiknist áætlaður heildarkostnaður við heimlögnina meira en 50% hærri en verðskrá segir til um þá greiðir umsækjandi til viðbótar allan kostnað sem verður umfram þessi 50%. Viðbótarkostnaður samkvæmt þessari reiknireglu er ekki innheimtur samhliða innheimtu yfirlengdargjalda. Geri húseigandi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélags t.d. með því að færa til bílskúr eða annan inntaksstað ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna. Húseigandi sem óskar eftir breytingu eða færslu á inntaksbúnaði eða inntaksstað ber af því allan kostnað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

## 8.1

*Heitt vatn – heimæðagjöld.*

Neðangreint verð gildir í þéttbýli þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 50 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Sama gildir um hvern metra sem lengd heimæðar fer yfir 20 m innan lóðarmarka. Stærð heimæðar ákvárdast af tilgreindu vatnsmagni í umsókn en stærð heimæðar til upphitunar húsnaðis tekur mið af rúmmáli þess. Virðisaukaskattur reiknast 7% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 25,5% á heimæðagjöld til annarra nota.

Taxti	Málstærð	Kr.	Með 7% vsk.	Með 25,5% vsk.
H1H	20 mm	296.833	317.611	372.525
H1H	25 mm	463.801	496.267	582.070
H1H	32 mm	759.892	813.084	953.664
H1H	40 mm	1.187.330	1.270.443	1.490.099
H1H	50 mm	1.855.204	1.985.068	2.328.281

**Skýringar:**

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð stærri heimæða en 50 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

## 8.2.

*Heitt vatn – vinnuskúratengingar.*

Taxti	Málstærð	Kr.	Með 7% vsk.	Með 25,5% vsk.
H2H	20 mm	89.050	95.283	111.757

**Skýringar:**

Verðið gildir fyrir tengingu við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk ásamt einni tengigrind. Við aðrar aðstæður og fyrir stærri tengingu er hún gjaldfærð í samræmi við raunkostnað.

## 8.3

*Heimæðagjöld í dreifbýli (lögbýli og heilsárshús).*

Neðangreind verð gilda þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 70 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Stærð heimæðar ákvárdast af tilgreindu vatnsmagni í umsókn en stærð

heimæðar til upphitunar húsnaðis tekur mið af rúmmáli þess. Virðisaukaskattur reiknast 7% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 25,5% á heimæðagjöld til annarra nota.

Taxti	Málstærð m.v. stál	Málstærð m.v. PEX	Kr.	Með 7% vsk.	Með 25,5% vsk.
H3H	20 mm	25 mm	385.883	412.894	484.283
H3H	25 mm	32 mm	602.941	645.147	756.691
H3H	32 mm		987.859	1.057.009	1.239.763

### Skýringar:

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð stærri heimæða en 32 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

### 8.4

#### *Heimæðagjöld fyrir frístundahús (í samræmi við byggingarleyfi).*

Neðangreind verð gilda í frístundahúsabyggðum þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 100 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Virðisaukaskattur reiknast 7% á heimæða- gjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 25,5% á heimæðagjöld til annarra nota.

Málstærð	Skýring	Kr.	Með 7% vsk.	Með 25,5% vsk.
15 mm PEX	Heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	559.416	598.575	702.067
15 mm PEX	Heimæð lögð samtímis og í sama skurði og kaldavatnsæð OR	393.874	421.445	494.312

### Skýringar:

Heitavatnsheimæðar fyrir frístundahús eru 15 mm. Ósk um stærri heimæð fellur undir mat Orkuveitunnar á styrk dreifikerfis og verði ósk samþykkt greiðir umsækjandi allan viðbótarkostnað sem fylgir stærri heimæð og þ.m.t. styrkingu á aðveitu.

### 9. gr. *Þjónustugjöld.*

Texti	Kr.	Með 7% vsk.	Með 25,5% vsk.
Seðilgjald	193	207	242
Tilkynningar- og greiðslugjald	92	98	115
Aukaálestur	1.894	2.027	2.377
Skipting orkureiknings	2.614	2.797	3.281
Innheimtuviðvörun <sup>1</sup>	950	1.017	1.192
Lokunargjald	2.702	2.891	3.391
Lokunargjald v/sumarhúss	13.385	14.322	16.798
Endurkoma vegna tengingar sumarhúss <sup>2</sup>	16.730	17.901	20.996
Útkall v/búnaðar notanda í sumarhúsi <sup>3</sup>	13.385	14.322	16.798
Gjald fyrir innheimtaðgerð þar sem nauðsynlegt er að grafa niður á heimæð <sup>4</sup>	296.833	317.611	372.525

### Skýringar:

Virðisaukaskattur á þjónustugjöld er mismunandi, 7% og 25,5%.

Virðisaukaskattsstig þjónustugjalds ákvarðast af virðisaukaskattsstigi viðkomandi veitutaxta.

<sup>1</sup> 20 dögum eftir gjalddaga.

<sup>2</sup> Gjald fyrir endurkomu þegar umsækjandi hefur ekki uppfyllt sín skilyrði við áhleypingu.

<sup>3</sup> Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda.

Sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

<sup>4</sup> 25% álag reiknast á innheimtaðgerð utan þéttbýlis.

Nr. 110

28. janúar 2014

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur og orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, sbr. reglugerð fyrir Orkuveitu Reykjavíkur nr. 297/2006, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. febrúar 2014 og birtast til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 687/2013, frá 3. júlí 2013.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. janúar 2014.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Hreinn Hrafnkelsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2014